

Sþ.

497. Tillaga til þingsályktunar

um stækkun á Hótel Borg og þingmannaheimili í Reykjavík.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að leitast fyrir um samkomulag við þann mann, sem á Hótel Borg, um að stækka gistihúsið, svo að þar megi vera þingmannaheimili. Jafnframt er ríkisstjórninni heimilt að leggja tveggja ára tekjur alveitingaskatti til gistihússins sem fast lán í þessa nýbyggingu með veði í þeim hluta hússins og innlánsbankavöxtum af framlaginu.

Greinargerð.

Þegar leið að alþingishátíðinni 1930, var algerð vöntun á viðunandi gistihúsi í höfuðstaðnum til að taka móti innlendum og erlendum gestum. Ríkið og bærinn þurftu að fá gistihús vegna almennra þarfa, en hvorugur aðilinn hafði löngun eða fé til að stofna til þess háttar rekstrar. Vildi þá svo til, að Jóhannes Jósefsson var að flytja heim frá útlöndum og vildi hefja hér atvinnurekstur. Var um margt að velja, sem arðvænlegt þótti, ekki síst í sambandi við verzlun, en Jóhannesi þótti hér vera mest vöntun á nútíma gistihúsi og var fús að hætta aleigu sinni, 200 þús. kr., í gistihúsbyggingu. Ríkið og Reykjavíkurbær veittu ábyrgð fyrir láni og nokkra óbeina aðstoð. Hótel Borg var reist og hefur síðan verið eina gistihús höfuðstaðarins, þar sem húsakynni eru miðuð við nútíma kröfur. Hótelið bar sig vel fyrstu misserin, en allan krepputímam, 1931—40, var gistihúsrekstur tapatvinnna hér á landi, og þegar stríðið skall á, lá við borð, að eigandi Borgar yrði að selja gistihúsið til annarlegs atvinnurekstrar til að geta staðið í skilum við alla lánardrottna. Á stríðsárunum var hótélreksturinn arðvænlegur. Mun þá hafa tekizt að borga meginíð af stofnskuldunum og koma húsinu og húsbúnaði í gott horf eftir mörg ár, þar sem ekki var komið við nauðsynlegu viðhaldi. Sækir nú aftur í sama horf og áður, að gistihúsið gerir ekki betur en að standa undir daglegum útgjöldum og sköttum. Er sýnilegt af núverandi afkomu, að ekki er um að ræða gróða af rekstri gistihússins til nýbygginga og tæpt með viðhaldið. Gistihúsatvinnan er svo óarðvænleg, að enginn stríðsgróðamaður hefur viljað hætta fé sínu í þann rekstur. Sést þetta bezt hér í höfuðstaðnum. Þegar peningaflóðið var mest rétt eftir stríðslokinn, var ríkisstjórnin, bæjarstjórnin og stjórn Eimskipafélagsins svo sannfærð um, að enginn einstakur maður vildi hætta fé í gistihúsbyggingu í Reykjavík, að þessir þrír aðilar afréðu að byggja saman stórt nýtzku gistihús í höfuðstaðnum, þó að það kostnaði 15 milljónir króna og yrði að taka mestallt féð að láni. En áður en nokkuð var framkvæmt í þessu efni, var stríðsgróðinn horfinn og stóra hótélbyggingin stöðvuð um ótiltekinn tíma. Um sama leyti gáfu Bretar íslenzku þjóðinni hermannagistihúsið á flugvelliinum í Vatnsmýrinni með ágætum húsbúnaði og 80 sængum. Ríkið starfrækta þetta gistihús í nokkra mánuði og hafði þá tapað 400 þús. kr. á rekstrinum, auk þess að munir hússins höfðu stórlega gengið úr sér. Stjórnin leigði nú mjög vel færur veitingamanni gistihúsið með vægum kjörum, en hann tapaði líka, þó að lítið væri í samanburði við hið fyrra tjón. Er nú helzt von um, að Ferðaskrifstofa ríkisins freisti að starfrækja þetta gistihús og beita meiri sparsemi en áður tíðkaðist. Þessi dæmi sýna, hvílíkan greiða Jóhannes Jósefsson gerði íslenzka ríkinu með því að verja aleigu sinni til að reisa eina gistihúsið, sem höfuðstaðarbúar, ríkisstjórn og bæjarstjórn geta leitað til með gesti, þegar mest á reynir. Engir aðrir „privatmenn“ virðast vilja leggja fé og orku í þennan atvinnurekstur. Þrír sterkustu aðilar í landinu taka höndum saman til að gera enn þá stærra átak í þessu efni en eigandi Borgar og samverkamenn hans gerðu 1930. En jafnvel þessir sterku aðilar hafa ekki getað yfirstigið örðugleik-

ana, sem urðu á vegi þeirra. Þessir erfiðleikar sjást bezt, þegar litið er á rekstur gistihússins í útjaðri bæjarins, sem fæst naumlega starfrækt, þó að erlendir menn legðu það gefins í lófa Íslendinga.

Þjóðin þarf gistihús, en þau bera sig ekki, auk þess sem mjög skortir á tækni í þessum efnum. Fólk vill ferðast innanlands og verður að ferðast í margháttuðum erindum. Ef engin viðunanleg gistihús eru í landinu, verða Íslendingar að undri meðal menntaðra þjóða. Að öðrum þræði er talað um Ísland sem ferðamannaland og gert ráð fyrir, að ferðalög erlendra manna geti gefið þjóðinni aukinn gjaldeyri. En litið mun verða úr þeim atvinnuvegi í landi, þar sem ekki eru viðunandi gistihús.

Þegar Jóhannes Jósefsson reisti Hótel Borg, var grunnurinn undir húsið mjög dýr. Af þeim orsökum lét hann hjá líða að kaupa lóðarblett milli gistihússins og lyfjabúðar Reykjavíkur. Þar hefur síðan verið reist bráðabirgðabygging, ein hæð fyrir verzlunarbúð. Litlar líkur eru til, að eigandinn vilji selja staðinn, nema ef um eignarnám væri að ræða. Var í löggjöfinni um stóra hótelið gert ráð fyrir viðtæku eignarnámi á lóðum vegna þeirrar byggingar, og væri engu minni ástæða til að heita því ákvæði, ef gistihússvandamálið yrði leyst í sambandi við Hótel Borg. Ef byggð yrði álma í sundinu milli gistihússins og lyfjabúðarinnar, mætti koma þar fyrir gestastofu á neðsta gólfi, en þrjátíu herbergjum á efri hæðum. Þetta gæti verið tiltölulega ódýr bygging. Ekki þyrfti nema tvo nýja útveggi. Allar leiðslur fyrir rafmagn, gas, vatn og frárennsli liggja nú að húsinu. Það væri hægt að byggja þessa álmu án þess að starfsemi sú, sem rekin er í gistihúsinu og lyfjabúðinni, væri trufluð hið minnsta fyrr en gerðar væru á hverri hæð dyr úr gistihúsinu inn í nýbygginguna.

Menn, sem víða hafa ferðast, telja, að Hótel Borg þoli vel samjöfnuð við gistihús af sömu stærð í stærri löndum, nema að í Borg vantar setustofu fyrir gestina. Það er ekki viðunandi fyrir fasta gesti að sitja annaðhvort í svefnherbergjum sínum eða í iðandi mannhafi veitingaskálans. Ef eigandi gistihússins hefði haft meira fé undir höndum, þegar hann reisti Hótel Borg, mundi hann hafa keypt hina umræddu lóð og haft gestastofu á neðstu hæð, en gestaherbergi yfir. En þá framkvæmd má gera enn þá og sýnir reynslan, að sú breyting er tímabær. Höfuðstaðinn vantar gistihús. Ríkið, bærinn og efnasta félag landsins hafa séð þörfina, viljað bæta úr henni, en ekki ráðið við örðugleikana. Um óákveðinn tíma verður Hótel Borg eina stórhótelið í höfuðstaðnum. En þar þarf viðbótar við, og hana má gera með hoflegum tilkostnaði, eins og sannað er hér að framan. Forráðamönnum landsins kom til hugar að taka margar milljónir að láni í nýja gistihúsbbyggingu. Slíkt gistihús hefði borið vott um stórhug og myndarskap þjóðarinnar, en það hefði að líkindum orðið að afskrifa höfuðstólinn um leið og húsið tók til starfa. Samt gat þjóðarnauðsyn réttlætt slíkt framlag. Hér er bent á ódýra og framkvæmanlega leið. Í stað þess að taka lán er hér gert ráð fyrir, að gestirnir, sem koma á Hótel Borg, leggi fram á tveim árum, með veitingaskattinum, framlag ríkisins í húsið, að framlagið verði lán með veði í byggingunni og að þjóðin fullgeri með þessum hætti aðalgistihús höfuðstaðarins, svo að þar verði hætt úr vöntun gestastofu og aukið allt að 30 herbergjum við gamla gistihúsið. Ef hætt verður við, áður langt um liður, öðrum minni og ódýrari gististöðum, mun að líkindum mega una fyrst um sinn við þá lausn á hótelmálum Reykjavíkur.

Frá því að þinghald hófst í Reykjavík fyrir einni öld, hafa utanbæjarþingmenn verið heimilislausir og framandi í höfuðstaðnum. Þeir hafa í hvert sinn orðið að keppa við skólapipta um leiguhúsnæði, hvar sem það var fánlegt. Alloft hafa þingmenn orðið að búa tveir saman í stofu. Á síðustu árum hefur komið til umræðu að byggja sérstaka heimavist í Reykjavík handa utanbæjarþingmönnum, en litið hefur orðið úr þeim framkvæmdum. Ef lag væri á stjórnarháttum landsins, þarf þingið ekki að starfa nema þrjá mánuði árlega. Stendur heimavistin þá auð mikinn hluta árs. Á undanförunum árum hafa margir utanbæjarmenn búið

um þingtímann á Hótel Borg, en gistiúsið er of lítið til að geta haft marga setu-
gesti langdvölum. Við það verður gistiúsið að „pension“. Erlendis fá gestir nú
ekki að búa nema fáa daga í einu á sama gistiúsi til að halda við hreyfanleika
stofnunarinnar. Með því að stækka Hótel Borg um 30 herbergi er hægt um vik að
taka frá á tiltekinni hæð herbergi, sem þingmenn eiga rétt á meðan þing starfar.
Þau gætu á ýmsan hátt að húsbúnaði verið sniðin eftir þörfum þingmanna. Þeim
gæti fylgt setustofa, sem þingmenn einir ættu aðgang að, o. s. frv.

Ég hygg, að með tillögu þeirri, sem hér er borin fram, sé bent á einu færú
leiðina til að tryggja Reykjavík viðunandi umbót á hótelmálum borgarinnar
og utanbæjarþingmönnum vetursetustað, meðan Alþingi starfar, þar sem þeir
njóta aðbúðar, sem gerir þeim fært að vinna að mikilvægu verki.

Hvað snertir aðstöðu Jóhannesar Jósefssonar hef ég ekkert umboð frá hon-
um til að hreyfa þessu máli. En mér var kunnugt um, þegar hann byggði gisti-
úsið, að hann hefði mikinn hug á að bæta við norðurálmú, en þá skorti hann og
ríkið þann fjárstyrk, sem með þurfti. Mér þykir sennilegt, að hann muni enn hafa
löngun til að ljúka þessu verki, en reynslan mun hafa kennt honum, eins og öðr-
um samborgurum hans, að nú er ekki álitleg atvinna að reisa gistiúsi án sam-
starfs við það mannfélag, sem þarfnast sérlega þess háttar framkvæmda. Með
þessari tillögu vil ég benda þingi og stjórn á leið, sem að líkindum er fær, til að
hér starfi tiltölulega fullkomið hótél og utanbæjarmenn finni, að þeir hafa í
Reykjavík fast land undir fótum, engu síður en stallbræður þeirra, sem heima
eiga í bænum.